

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi

starfsskýrsla skólaárið 2024-2025

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins eru þrír. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður er í 100% stöðu, Guðrún Þórðardóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í 70% stöðu og Ingveldur Jónsdóttir bókavörður í 60% stöðu. Elín er einnig skjalastjóri skólans. Guðrún annast bókasafn Garðyrkjuskólans á Reykjum en vinnur að jafnaði einn til tvo daga í viku á Selfossi. Hún er einnig persónuverndarfulltrúi skólans.

Opnunartími:

Opnunartími safnsins er frá 8:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er opið til kl. 14:30.

Útlán:

Útlán eru færð á þrjá vegu: í fyrsta lagi í útlánaþátt bókasafnskerfisins Gagnis þar sem bækur, fartölvur og önnur safngögn eru skráð í útlán, í öðru lagi eru skammtímalán á kennsluefni innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag og í þriðja lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín sjálfir þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru handfærð útlán á safnefni eftir atvikum. Á skólaárinu bættust við útlán á borðtennisspöðum skv. beiðni frá stjórn nemendafélags FSu.

Útlán:	Haust 2024	Vor 2025	Samtals:
Í Gagni	539	637	1176
Fartölvuútlán	1656	2207	3863
Innan skólans	1925	2346	4271
Í bók	11	14	25
Útlán á borðtennisspöðum	286	515	801
SAMTALS:	4417	5719	10136

Millisafnalán:

Millisafnalán voru alls 27 á skólaárinu. Þau voru frá 9 bókasöfnum, aðallega almenningsbókasöfnum. Lánað var til skólastofnana, bæði á grunnskóla- og framhaldsskólastigi.

Millisafnalán frá:	Haustönn 2024	Vorönn 2025	Samtals:
Bækur frá söfnum	8	6	14

Mynddiskar frá söfnum	1	4	5
SAMTALS:	9	10	19

Millisafnalán til:	Haustönn 2024	Vorönn 2025	Samtals:
Bækur til safna	4	4	8
Mynddiskar til safna			
SAMTALS:	4	4	7

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Nánast allt efni sem berst á safnið er skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 533.700 á árinu 2024 eða kr. 44.475 á mánuði.

Gagnasöfn:

Landsaðgangurinn hvar.is felur í sér aðgengi allra sem tengjast netinu um íslenskar netveitur að tímaritsgreinum tæplega 19 þús. tímarita og þar af eru um 5.800 beint frá útgefendum. Framhaldsskólarnir hafa auk almenningubókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka tekið þátt í kostnaði við landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum. Greiðsluupphæð miðast við fjölda ársnema. Á árinu 2024 greiddi FSu kr. 129.033. Framhaldsskólar greiða fyrir Encyclopedia Britannica, ProQuest Central gagnasafnið og Web of Science.

Veforðabækur Snöru eru opnar á skólanetinu og eru mikið notaðar af nemendum og kennurum. Kennurum og starfsfólki skólans býðst einnig heimaaðgangur að Snöru og fjölmargir nýta sér hann.

Hægt er að komast inn á greinasafn Morgunblaðsins með lykilorði. Síðustu þrjú ár eru alla jafna í lokuðum aðgangi og krefjast innskráningar en efni eldra en þriggja ára er að finna inn á timarit.is. Skólinn greiðir fyrir aðgang og fær að auki pappírseintak sem liggur frammi á kaffistofu.

Safnfræðsla:

Nýnemadagur var 19. ágúst. Þá komu alls 12 hópar nýnema í heimsókn og fengu stutta á kynningu á bókasafninu og þjónustu þess.

Á haustönn fengu nemendur í FÉLA1SA05 kynningu á safninu, safnkosti og þjónustu sem í boði er. Þau fengu kennslu á leitir.is og sýnt hvernig hægt er að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig var heimasíða bókasafnsins kynnt og vefurinn timarit.is. Í lok tímans unnu nemendur verkefni saman í pörum í tölvum á safninu sem þjálfar þau m.a. í að finna heimildir á leitir.is. Alls um 280 nemendur skiluðu verkefnum í þessum kynningum og fengu þau til baka með athugasemdum.

Guðrún annaðist fræðslu fyrir nýnema í Garðyrkjuskólanum í september. Þar kynnti hún bókasafn Garðyrkjuskólans og kenndi ýmsar leitaraðferðir inn á leitir.is og víðar.

Nemendur í heimildaritun í íslensku ÍSLE3HR05 fengu kynningar í byrjun haust- og vorannar. Mikil áhersla er lögð á notkun leitir.is við heimildaleitir og að auki eru kenndar ýmsar leitaraðferðir á netinu. Einnig er vefurinn timarit.is kynntur sem og Google Scholar. Fjallað er um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að vitna rétt í heimildir.

Minni verkefnavinna en fyrri ár var á safninu á haustönninni. Skýringin liggur að hluta til í verkfalli kennara sem hófst 29. október og stóð til 3. desember. Á vorönn komu nemendur í áfanganum Goða sem fjallar um goðafræði og kynntu sér ólík trúarbrögð. Nemendur í tölfræðiáfanga fengu aðstoð við val á fræðigreinum fyrir verkefni. Í áfanganum SAGA2YA05 fengu nemendur ritgerðarverkefni um Kalda stríðið, öfgastefnur, fyrri og síðari heimsstyrjöldina og var skilyrði að nota a.m.k. eina heimild úr bók. Nemendur koma einnig mikið til að fá að láni kjörbækur í ýmsum áföngum, t.a.m. í dönsku, ensku og íslensku.

Opið hús var 25. mars og komu þá fjölmargir gestir á bókasafnið og skoðuðu aðstöðuna. Fastur liður á vorönn er að fá nemendur 10. bekkjar í grunnskólum á Suðurlandi í heimsókn. Námsráðgjafar skólans annast þessar heimsóknir og kynna námið og skólann.

Aðföng og skráning 2024-2025:

Aðföng	Haustönn 2024	Vorönn 2025	Samtals
Bækur	148	157	305
Mynddiskar (DVD)	2	2	4
Samtals	150	159	309

Skráning:

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og unnt er, en eldra efni eftir því sem tími vinnst til. Á skólaárinu var afskrifað talsvert af úreltu safnefni á ýmsum efnissviðum. Einnig var afskráð mikið af eldri tímaritum sem eru aðgengileg inn á timarit.is. Grisjun á skólasöfnum er óhjákvæmileg, hún skapar pláss fyrir endurnýjun safnkostsins sem þarf ávallt að vera í takt við þarfir nemenda og skólasamfélagsins.

Tímarit:

Bókasafnið er með fasta áskrift að 35 tímaritum og einu dagblaði. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins og vefslóðir þeirra tímarita sem eru aðgengileg á rafrænu formi.

Gjafir:

Á skólaárinu bárust bókasafninu að gjöf 54 bækur og 3 mynddiskar. Aðallega voru gjafir þessar frá starfsfólki skólans og einstaklingum í nærsamfélaginu. Einnig frá ýmsum stofnunum og gestum sem heimsækja skólann. Þessum aðilum öllum eru færðar þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins. Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best.

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)	Maí 2024	Aðföng haust 2024	(Uppfærður eintakafjöldi skv. Gegni í árslok 2024)	Afskr. á skólaárinu	Aðföng vor 2025	Maí 2025
Bækur	18.504	148	18.355	345	157	18.464
Nótur	48		48			48
Myndbönd	61		57	1		60
Mynddiskar (DVD)	638	2	636	4	2	638
Mynddiskar (Blu-ray)	13		13			13
Hljómplötur	10		10			10
Geisladiskar (tónlist)	60		66	22		38
Geisladiskar (hljóðbækur)	157		155	9		148
MP3 hljóðbækur	9		9			9
Snældur	4		5			5
Margmiðl.diskar (tölvugögn)	27		26	3		24
Skyggjur og glærur	1		1			1
Leikjakassar og spil	108		108	8		100
Möppur	1		1			1
Gagnasett	6		5			5
Kort	28		28			28
Samtals	19.675	150	(19.523)	392	159	19.592

Rekstrarkostnaður 2024:

Bækur	860.382
Tímarit og blöð	274.792
Mynddiskar	3.422
Kostnaður vegna Gegnis, landskerfis bókasafna	533.700
Landsaðgangur að gagnasöfnum	129.033
Snara, veforðabækur	185.000
Greinasafn Morgunblaðsins	47.275
Árgjald visa	2.000
Streymisveita	30.952
Styrkur til faglegs starfs bókasafns- og uppl.fræðinga í frh.skólum	30.000
Vorráðstefna Þjóðskjalasafns Íslands	6.300
Bókaplast	49.900
Ýmis búnaður á bókasafni	21.410
Ritföng	6.333
Rafmagnstenglar í lesborð	65.998
Póstburðargjöld	4.279
Opinber gjöld	13.060
Dráttarvextir	3.482
Afskriftir, húsgögn	17.721
Afskriftir, prentarar	<u>44.252</u>
Samtals	2.329.291

Tæki og búnaður:

Á bókasafni FSu eru 10 borðtölvur, skanni, tveir laserprentarar: lita laserprentari (af gerðinni Canon i-SENSYS LBP673Cdw) og laserprentari af gerðinni HP LaserJet Managed MFP E52645, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, þrír litlir DVD-spilarar (lánaðir í kennslustundir), leturvél, vifta og borðsími.

Alls eru fimmtán fartölvur lánaðar nemendum í kennslustundir. Tíu eru af gerðinni DELL Latitude, þrjár HP ProBook og tvær HP EliteBook. Útlán voru samtals 3863 á skólaárinu.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða starfsmanna bókasafns FSu samanstendur annars vegar af afgreiðslurými og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Við hringstigann eru tveir laser prentarar sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að, annar þeirra lita laserprentari. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Í vinnurými inn af afgreiðslu er vinnuaðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Í vinnurýminu eru geymdar kvikmyndir og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni, auk þess sem fartölvur eru geymdar þar og hægt að hlaða þær milli útlána.

Í minni geymslunni í kjallaranum er sjónvarp og myndbandstæki. Í hópinnuaðstöðu í kjallaranum er tölva sem er aðallega notuð til skönnunar. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir bækur og eldri tímarit.

Í Garðyrkjuskólanum er vinnuaðstaða bókasafnsfræðings á skrifstofu skólans. Bókasafn Garðyrkjuskólans er á 2. hæð í aðalbyggingu og allur safnkostur sérhæfður á sviði garðyrkju.

Skjalastjórnun:

Skjalastjórnunarkerfið GoPro var tekið í notkun vorið 2019 og var gildistími fyrsta málalykilsins var frá 1. september 2018 - 31. ágúst 2023. Hvert skjalavörslutímabil er þannig 5 ár. Á haustönninni var unnið markvisst að undirbúningi að rafrænum skilum, samþykkt var tilboð frá Hugviti fyrir gerð vörsluútgáfu og var skilalausn sett upp í lok október. Ákveðið var að fara yfir öll mál frá skjalavörslutímabilinu sem var tímafrek vinna en skilaði góðum árangri þegar upp var staðið þar sem frávikalistinn reyndist auður í lokin. Vörsluútgáfunni var skilað með formlegum hætti til Þjóðskjalasafns 27. janúar. Fjölbrautaskóli Suðurlands skal veita aðgang að gögnum úr rafrænu gagnasafni með skjölum (þ.e. GoPro) þar til þau hafa náð 30 ára aldri en eftir þann tíma veitir Þjóðskjalasafn Íslands aðgang að gögnunum.

Gögn frá Iðnskólanum á Selfossi voru afhent til Héraðsskjalasafns Árnesinga 1. október. Um var að ræða prófskírteini frá árinum 1952-1981 og skólaspjöld átta útskriftarárganga. Auk þess voru afhent gögn frá Félagi iðnnema á Selfossi og ýmis rekstrarleg gögn frá Iðnskólanum.

Ný útgáfa af GoPro var tekin í notkun í ágúst og þurfti að uppfæra kerfið á tölvum starfsfólks og kynna því nýjungar í GoPro Local, hugbúnaði sem tengir saman GoPro og Office og gerir notendum kleift að skoða og breyta skjölum í GoPro.

Á skólaárinu var unnið við skjölun á margvíslegu efni, t.d. starfsumsóknnum, ýmsum samningum, fundargerðum og fleiru, auk þess sem starfsfólki var veitt ráðgjöf við stofnun og meðferð mála. Greiningargögn nemenda eru nú skráð í GoPro að því marki að útbúið er minnisblað með hverju máli sem vísar til geymslustaðar greiningargagna sem ennþá eru á pappíriformi. Sem afhendingarskyldum aðila er skólanum skylt að varðveita þessi gögn.

Unnið var við tiltekt í geymslu þegar tími vannst til og farið yfir möppur með frumritum prófa en venjan hefur verið að varðveita fjögur frumeintök af hverju prófi sem lagt hefur verið fyrir í gegnum árin. Ákveðið var að nóg væri að varðveita eitt eintak og tóku Inga og Helga Dögg á skrifstofunni að sér að fara í gegnum þessar möppur. Mikið hillupláss mun sparast í geymslunni þegar þessu verkefni lýkur.

Fundir, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennara- og starfsmannafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru á tveggja til þriggja vikna fresti.

Í september fóru Elín og Ingveldur á vefnámskeið hjá Landskerfi bókasafna sem fjallaði um útlán og lánþegaþjónustur. Meðal efnis á námskeiðinu voru útlán, skil, frátektir, skráning lánþega, tilkynningar, rukk og prentun.

Nýtt viðmót í lánþegaþjónustum og titlaleit var tekið í notkun í Ölmum (bókasafnskerfinu) í byrjun febrúar. Ingveldur og Elín sóttu báðar vefnámskeið hjá Landskerfi í janúar og lærðu inn á þetta nýja viðmót.

Elín fór á vefnámskeið hjá Landskerfi í byrjun október sem nefndist „Tiltekt í lýsingu eintaks“. Komið hefur í ljós að ýmsar upplýsingar í lýsingu eintaks í eldra bókasafnskerfinu sem tekið var úr notkun 2022 og færðust yfir í nýja kerfið trufla frátektir og millisafnalán fyrir önnur bókasöfn. Með öðrum orðum, upplýsingar í lýsingu eintaks hjá einu safni hefur áhrif á önnur söfn

og hamlar frátektum og samvinnu. Mikil vinna var lögð í að lagfæra þetta atriði hjá okkar bókasafni á liðnu skólaári.

Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur skólaársins var haldinn í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 30. október og jólafundurinn var í Tækniskólanum þar sem Gróa Finnsdóttir las úr bók sinni, Eyjar. Næsti fundur var svo haldinn í Borgarholtsskóla 25. mars og vorferð SBF var dagana 30. apríl - 2. maí. Ferðinni var heitið til Akureyrar þar sem Menntaskólinn á Akureyri og Verkmenntaskólinn á Akureyri voru heimsóttir og fundað um ýmis málefni sem brenna á upplýsingafræðingum skólanna. Gervigreindin er að breyta öllu skólastarfi og hefur t.a.m. áhrif á námsmat. Eftir hádegi 2. maí var Háskólinn á Akureyri heimsóttur þar sem Linda Sólveig Magnúsdóttir tók á móti hópnum og flutti erindi um upplýsingalæsi og gervigreind. Sigurhæðir, hús Matthíasar Jochumssonar var skoðað og hópurninn borðaði saman á Rub23 um kvöldið. Á laugardagsmorgninum var Amtsbókasafnið á Akureyri heimsótt og var gaman að sjá og kynnst fjölbreyttri starfsemi safnsins. Elín og Guðrún sóttu alla fundi SBF á skólaárinu að undanskildum jólafundinum sem Guðrún komst ekki á. Framhaldsskólarnir styrkja faglegt starf samstarfshópsins með því að greiða 15.000 kr. árgjald fyrir hvern starfandi bókasafns- og upplýsingafræðing. Elín hefur annast gjaldkerastörf fyrir samstarfshópinn frá árinu 2017 en lét af því embætti í mars.

Elín tók þátt í fræðsluferð SBF til Stokkhólms dagana 2.-8. júní 2024. Þátttakendur fengu ferðastyrki frá Erasmus+ til ferðarinnar. Heimsótt voru ýmis bókasöfn og stofnanir: Dieselverkstadens Bibliotek í Nacka hverfinu sem er að hluta til einkarekið bókasafn en nýtur styrkja af opinberu fé, Bibliotekslabbet í Liljeholm hverfinu, bókasafn sem var í miðju mótunarferli eftir hugmyndum íbúa í hverfinu og hafði ekki enn verið opnað formlega, Svensk biblioteksförening (félag bókasafna í Svíþjóð) og Skolverket (sænska menntamálastofnunin). Einnig heimsótti hópurninn International School of the Stockholm Region, ISSR eða Alþjóðlega skólann í Stokkhólmi en nemendur eru þar á aldrinum frá 6 ára til 19 ára. Loks var skoðað ungmenntasafnið PUNKT sem er eingöngu ætlað ungu fólki á aldrinum 13 til 19 ára. Allar þessar heimsóknir voru mjög fróðlegar og vel tekið á móti hópnum með „fika“ að hætti Svía (kaffi og kruðerí).

Hópur skjalastjóra í framhaldsskólum heldur úti póstlista og virkri umræðu inn á Teams. Þangað er gott að leita eftir ráðleggingum og fá umræðu um ýmislegt sem varðar skjalastjórnun. Elín sótti fræðslufundi hjá Félagi um skjalastjórn á skólaárinu. Þann 20. nóvember var boðið upp á fræðslufund um rafræn skil til Þjóðskjalasafns og fluttu Heiðar Lind Hansson og Fanney Sigurgeirsdóttir erindi um efnið. Ásgerður Kjartansdóttir, ráðgjafi í upplýsingastjórnun flutti erindi sitt sem hún nefndi Verðmæti og verklag á fræðslufundi 12. mars. Það fjallaði um hvernig greina má lykilskjöl og verðmætustu upplýsingar vinnustaða, hvað þarf til að tryggja að starfsfólk fylgi skráðu verklagi og hagnýta mælikvarða í skjala- og upplýsingastjórnun.

Elín nýtti sér flestöll námskeið um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila sem Þjóðskjalasafn Íslands stendur fyrir. Öll námskeiðin voru kennd í gegnum Teams. Vorráðstefna Þjóðskjalasafns var haldin 14. maí og var yfirskrift hennar „Hver er hagr stjórnsýslunnar með skjalastjórn og skjalavörslu?“ Fjallað var um að traust skjalavarsla væri forsenda upplýsingaréttar, rannsókn á snjóflóðinu í Súðavík 1995 og aðgengi að skjölum og gögnum því tengdu, einnig var fjallað um uppbyggingu skjalakerfa hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og hjá Landsbankanum.

Samstarfi starfsfólks á skólasöfnum á Suðurlandi var hleypt af stokkunum með fundi í FSu í mars 2023. Tilgangur samstarfsins er að efla samvinnu og skapa tengsl á milli starfsfólks safnanna og er Facebook síðan, „Skólabókasöfn á Suðurlandi“ helsti vettvangur til skoðanaskipta og umræðu.

Fundur var í Grunnskólanum á Hellu 24.október og í Kerhólsskóla 6. maí. Elín og Guðrún sóttu fundinn í Kerhólsskóla en áttu ekki heimangengt á Hellu í október.

Elín fór á fræðslufund skrásetjara Gegnis sem haldinn var 28. maí. Þar voru mörg áhugaverð erindi á sviði skráningar, svo sem sjálfvirk skráning á skráningu rafræns skylduskilaefnis á Landsbókasafni þar sem opinn hugbúnaður getur dregið lýsigögn úr pfd skjölum. Einnig var fjallað um nafnmyndastjórnun efnisorða og safnfærslur sem gera söfnum kleift að skrá ýmsa hluti sem eru lánaðir út, t.d. fartölvur. Kynnt var nýtt verklag við skráningu á mismunandi letri (stafrófi) en ákveðið hefur verið að nota bæði upprunalegt letur og latínuletur. Loks var fjallað um skyldur skrásetjara Gegnis og kynntar nýjar reglur um menntun skrásetjara sem tóku gildi í apríl sl. Bókfræðifærslurnar í Gegni eru sameign safnanna og bera þau sameiginlega ábyrgð á að skráð sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni.

Lokaorð

Starfsemi bókasafnsins gekk vel á skólaárinu og má greina aukningu bæði í notkun og útlánum, sérstaklega á fartölvum. Nemendur eru duglegir að koma á safnið, bæði til að vinna verkefni og slaka á milli kennslustunda. Samstarf við kennara er almennt gott og yfirleitt láta þeir vita af fyrirhuguðum verkefnum með góðum fyrirvara. Það er mikilvægt að kennarar nýti fagþekkingu okkar sem störfum á bókasafninu og safnkostinn til að styðja við kennsluna og gera hana fjölbreyttari.

Selfossi 1. júní 2025

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir
forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands